

13. janúar 2019

## ***Umsögn Arctic Fish um drög að lagafrumvarpi um breytingu á ýmsum lagafrumvörpum sem tengjast fiskeldi***

Arctic Fish hefur unnið með Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) að umsögn um frumvarp um breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi. Um er að ræða drög sem auglýst voru á Samráðsgátt stjórnvalda þann 20. desember 2018 og fjalla m.a. um áhættumat erfðablöndunar, leyfisveitingarkerfi, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.

Af frumvarpsdrögum er ljóst að áherslur ráðherra eru að styðja við umhverfisvænt og samfélagslega gefandi fiskeldi. Arctic Fish tekur undir þær áherslur ásamt því að taka heilshugar undir athugasemdir SFS.

Arctic Fish telur einnig mikilvægt að markmið laganna m.t.t. umhverfis og samfélags náí fram að ganga og að einföldu og skilvirku kerfi sé komið á varðandi leyfisveitingar.

*Arctic Fish telur jafnframt efni til að koma með eftirfarandi athugasemdir sem fyrst og fremst er ætlað að benda á mikilvægi þess að umhverfissjónarmið fái aukið vægi ásamt innviðaupbyggingu, menntun og reynslu.*

### **Markmið laganna**

Í 1. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi kemur fram að markmið laganna sé að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu og stuðla að ábyrgu fiskeldi.

Markmið laganna snýr þannig að stórum hluta að því að fiskeldisfyrirtæki stundi starfsemi sína í sátt við umhverfi og samfélag sem samsamar sér vel með áherslum Arctic Fish. Ekki verður séð að markmiði laganna verði náð með óbreyttu fyrirkomulagi. Nauðsynlegt er að skilgreina villta laxastofna og nærtækast þar að horfa til alþjóðaskilgreininga líkt og ICES. Einnig þarf að gæta vel að öðru umhverfi, vöktun þess sem og uppbyggingu samfélagsþátta og þjónustu í þeim byggðalögum sem fiskeldi er stundað.

Með því að horfa á fiskeldi í sjókvíum út frá umhverfissjónarmiðum heildstætt verður markmiði laganna fyrst náð sem og þeirri framtíðarsýn að skapa sérstöðu þeirra fiskeldisafurða sem koma frá Íslandi.

### **Áhættumat og burðarþolsmat**

Mikilvægt er líkt og fram kemur í markmiðum laganna að efla þau samfélög sem tengjast þeim svæðum þar sem fiskeldi er stundað og þar innan eru einnig byggðakjarnar sem skilgreindir hafa verið undir „brothættar byggðir“. Það gæti því verið skynsamlegt að áhættumat taki ekki bara til erfðablöndunar heldur einnig til samfélagsþátta.

Burðarþolsmat er í mörgu líkt áhættumati þar sem um er að ræða mat á því burðarþoli eða lífmassaframleiðslu sem viðkomandi svæði ber. Því er æskilegt að slíkt mat sé einnig rýnt af óháðum fagaðila sem og falli undir umfjöllun samráðsvettvangs.

### **Hámarkslífmassi skilgreini umfang eldisleyfa**

Lagafrumvarpið boðar aukna og tíðari upplýsingagjöf sem veitir eftirlitsaðila (MAST) aðgang að upplýsingum um lífmassa nánast í rauntíma. Með tíðari upplýsingagjöf verður ekki séð að miða þurfi við almanaksárið þegar lífmassaupplýsingar liggja ætíð fyrir. Slík útfærsla gerir það að verkum að hægt er að fylgjast vel með hvenær lífmassi nálgast hámarkslífmassa líkt og skilgreint er í burðarþolsmati. Eftirfylgni á heildarlífmassa er í samræmi við umhverfislega nálgun á uppbyggingu og eftirliti fiskeldisins. Eldisleyfin ættu því að miðast við að lífmassi fari ekki yfir skilgreint hámark burðarþolsmatsins fyrir svæðið og skilgreind einungis út frá hámarkslífmassa en ekki framleiðslumagni líkt og nú er.

Framleiðslumagn sem miðar að slægðu eldismagni er í raun afleidd stærð og hægt að fylgja eftir miðað við framleiðsluupplýsingar líkt og fyrir villtan fisk. Fiskeldið sem slíkt er þó líkara landbúnaði þar sem verið er að byggja upp framleiðslu í sátt við umhverfi og náttúru þannig að sem best nýting náist. Því er eðlilegra að fiskeldisleyfi séu miðuð einungis út frá því að fara ekki yfir skilgreindan hámarkslífmassa sem skilgreindur er í burðarþoli svæðisins.

Nágrannahjóðir okkar, Noregur og Færeyjar, notast við aðferðir til að skilgreina eldisleyfi sem Ísland mætti læra af og nýta. Sú aðferðafræði að miða eldisleyfi út frá hámarkslífmassa líkt og greint er frá hér að ofan er í raun í takti við þá aðferðafræði sem notuð er í Noregi. Einnig er skynsamleg sú nálgun sem Færeyingar nota, en þar eru fiskeldisleyfin tengd við þau áhrif sem eldið hefur á viðtakann (botnsýni). Það væri í raun hægt að samtvinna þessar tvær aðferðir út frá varúðarsjónarmiðum umhverfisnálgunar fyrir íslenskt fiskeldi. Hægt væri að taka botnsýni og meta út frá því grunnástand í upphafi eldistíma. Einnig væru tekin sýni þegar eldið er við hámark lífmassa og svo í lok eldistíma (eftir slátrun kynslóðar). Út frá þessum upplýsingum er hægt að endurmeta burðarþolið í ljósi reynslu uppbyggingar fiskeldis á svæðinu.

### **Upprunagreining**

Upprunagreining með notkun greininga erfðaefna er til bóta en samhliða því ætti að leggja af þann hluta laganna sem snýr að uggaklippingum enda getur slíkt fallið undir dýraníð sem og opnar sár sem getur leitt til sýkinga smáseiða.

### **Staðsetning eldissvæða og aðgerðir til eflingar á umhverfisvænu fiskeldi**

Lög um fiskeldi gera ekki ráð fyrir nauðsynlegum sveigjanleika sem mikilvægt er að líta til samhliða aukinni þekkingu, rannsókna og tækniframfara í fiskeldi. Það þyrfti að veita fiskeldisfyrirtækjunum, í samráði við eftirlitsaðila, svigrúm m.a. á tilfærslu svæða ef slíkt hefur í för með sér bættu dýravelferð, umhverfisáhrif og sjúkdómavarnir.

### **Gjaldtaka**

Í drögunum er vísað til hækkunar á gjaldi í umhverfissjóð sjókvíaeldis frá 12 SDR í 20 SDR miðað við „framleiðslumagn“ eldisleyfa. Í uppbyggingarfasa getur það verið til bóta fyrir uppbyggingu umhverfisvæns fiskeldis að styrkja rannsóknir sem snúa að þeim þætti meðan verið er að byggja upp stöðugan atvinnuveg þó svo mótmælt sé hækkun á þessum tímapunkti. Forsendur gjaldtökunnar ættu fremur að snúa að lönduðum slægðum eldisafla enda geta umhverfisskilyrði breyst líkt og kemur fram í frumvarpinu. Við breytingu umhverfisskilyrða

geta verið þættir sem bæði geta stutt undir aukna eldisframleiðslu eða leitt til minnkunar. Þetta ætti að endurspeglast í gjaldstofni umhverfissjóðsins.  
Frekari umfjöllun um gjalddöku kemur fram í umsögn þess málaflokks.

Það er í samræmi við markmið laganna að litið sé til samfélags og umhverfisþátta til eflingar og uppbyggingar fiskeldis á Íslandi. Þær tillögur sem eru settar fram hér að ofan myndu að mati Arctic Fish styðja við þá grunnþætti. Við höfum haft aðkomu að þeirri umsögn sem SFS sendir og styðjum hana.

F.h. Arctic Fish.



Sigurður Pétursson  
Framkvæmdastjóri Viðskiptaþróunar  
Aðalstræti 20  
400 Ísafirði